

Ed.

843. Frumvarp til laga

[302. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð, sbr. lög nr. 87/1960.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

2. gr.

5. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.